

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Íbúðabyggð á suðvestur Hvaleyrarholti“ í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 15. október 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Íbúðabyggð á suðvestur Hvaleyrarholti“.

Við gíðistöku þessa deiliskipulags fellur úr gildi eldra skipulag svæðisins.

Farið var með breytinguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 14. júlí 2003.*

**Anna Margrét Tómasdóttir** arkitekt.

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998 - 2018, svæði norðan og austan Glerárkirkju.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í eftirfarandi:

Landnotkun á reit við Bugðusíðu, milli lóðar Bjargs og Glerárkirkju, breytist úr stofnanasvæði í íbúðarsvæði.

Óbyggt, almennt útivistarsvæði við Arnarsíðu, austan lóðar Glerárkirkju, breytist í íbúðarsvæði.

Lögun íbúðarsvæðis við Lindasíðu breytist þannig að suðausturhorn þess verði að almennu útivistarsvæði.

Austurhluti stofnstígs milli Bugðusíðu og Hlíðarbrautar færist norður þannig að hann liggi gegnum íbúðarsvæði við Lindasíðu.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 9. júlí 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*